

Kaldvík hf.
Strandgata 18
735 Eskifjörður

Garðabær, 19. maí 2025
202504-0149/A.B.
08.04

Efni: Umsögn - Framkvæmdaleyfi - Framkvæmdaleyfi í Múlapingi Kaldvík hf.

Vísað er til erindis Kaldvíkur hf. er barst 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna óskar fyrirtækisins um framkvæmdaleyfi í Múlapingi vegna tilfærslu frárennslis fiskvinnslunnar Búlandstindar frá Djúpavogi í Hundafjörð.

Í erindinu kemur fram að til að færa frárennslíð í Hundafjörð þarf að leggja lögn um 2 km leið til suðurs sem myndi liggja frá hreinsistöðinni til Hundavogs.

Að mati stofnunarinnar, að því gefnu að framkvæmd verði unnin utan varptíma, með vöktun á endurheimt, góðum frágangi og lágmarks raski, er líklegt að áhrif framkvæmdarinnar á gróður og fuglalíf á landi verði óveruleg. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um hugsanleg áhrif á leirur í Hundavogi eða á vistkerfi vegna efna sem berast með fráveituvatni, og telur stofnunin brýnt að slíkt mat fari fram.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ljósleiðari er oft plægður í laus jarðlög þar sem frágangur er frekar einfaldur.

Votlendi – Leirur

Á framkvæmdarsvæðinu eru leirur og votlendi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Röskun slíks svæðis er einungis heimil ef brýna nauðsyn ber til og ekki eru aðrir valkostir í boði. Nauðsynlegt er að sveitarfélag/framkvæmdaraðili geri grein fyrir:

- þeim náttúruþyrlibærum sem um ræðir,
- hvernig fyrirhugað er að forðast rask þeirra,
- hvaða valkostir hafa verið skoðaðir og af hverju þeir voru ekki valdir,
- hvaða almannahagsmunir réttlæta röskun, komi til hennar,
- og hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar, sérstaklega m.t.t. endurheimtar votlendis.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort

framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruverndarstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verða farnar til að raska ekki votlendi og hvaða mótvægisáðgerða verður farið í ef til röskunar kemur. Mótvægisáðgerðum í formi endurheimtar votlendis ætti að vera lýst ítarlega í vöktunaráætlun framkvæmdar að mati Náttúruverndarstofnunar, þar sem tilgreint er m.a. samráð við sérfræðinga votlendisendurheimtar við ákvörðun á staðsetningu, aðferðum og umfangi þess.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt er að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint, sérstaklega ef ákvarðað er að framkvæmdin sé ekki matsskyld.

Vistgerðir og fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan framkvæmdasvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Tegundirnar eru taldar eiga undir högg að sækja og samkvæmt vinnugögnum vegna endurskoðunar válistans 2025 er talið líklegt að þær færist niður um flokk þegar ný flokkun Náttúrufræðistofnunar verður birt.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið

aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar af leiðandi er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varp- og ungateíma.

Fráveita og áhrif á vistkerfi

Í erindi Kaldvíkur hf. kemur fram að tilfærsla frárennslis sé nauðsynleg vegna smitvarna. Þó tilefni breytingarinnar sé skiljanlegt leggur Náttúruverndarstofnun áherslu á að ekki liggi fyrir mat á áhrifum fráveitunnar á vistkerfi Hundavogs. Svæðið einkennist af viðkvæmu strandvistkerfi með leirum sem eru mikilvæg búsvæði fugla, þar á meðal farfugla og tegunda sem njóta verndar.

Að mati stofnunarinnar er brýnt að metin verði áhrif efna úr fráveituvatni á vatnalíf, botnset og lífríki svæðisins til lengri tíma.

Náttúruverndarstofnun rétt að unnið verði grunnástand og mat á áhrifum fráveitunnar á vistkerfi Hundavogs. Niðurstöður slíks mats geta verið forsenda þess að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um leyfisveitingu og mótvægisáðgerðir.

Mat á umhverfisáhrifum

Stofnunin leggur til að haft verði samráð við Skipulagsstofnun til að meta hvort framkvæmdin sé tilkynningarskyld samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur